

Hveragerðisbær
Guðmundur F. Baldursson
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Reykjavík 25. nóvember 2020
UST202011-182/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017 - 2029 og nýtt deiliskipulag – Íbúðarbyggð við Þelamörk

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélag er barst 17. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017 – 2029 og nýju deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Þelamörk.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreind verður nýtt 2,3 ha. búðarbyggð (ÍB) fyrir lágreista 2ja hæða fjölbýlishúsabyggð á svæði sem skilgreint er sem verslunar- og þjónustusvæði (VP6) í gildandi aðalskipulagi og minnkar því reitur VP6 sem því nemur. Auk þess kemur fram að sá hluti VP6 reitsins, sem eftir stendur, rennur saman við S8 reitinn og mynda þannig saman nýjan 9,7ha. reit, þar sem samfélagsþjónusta (S) verður ríkjandi landnotkun með heimild fyrir verslun- og þjónustu (VP) að hluta til (heilsudvalarstaður og heilsulind).


Varmá

Í greinargerð kemur fram á að Varmá og bakkar hennar eru á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur